

## Lokaskýrsla

Leið A

Kennslumálasjóður Háskóla Íslands

Umsækjandi: Sigríður Þorgeirsdóttir, prófessor, Námsbraut í heimspeki

Meðumsækjandi: Donata Schoeller, gestaprófessor, Námsbraut í heimspeki

### Heiti verkefnis:

Verklegar æfingar í líkamlegri gagnrýninni hugsun

Tilgangur: Samantekt og fræðileg skýring verklegra æfinga TECT-námskeiðs (Training Embodied Critical Thinking, [www.trainingect.com](http://www.trainingect.com)) á vegum Erasmus+ verkefnis sem HÍ hefur leitt í samstarfi við rannsóknastofnanir og háskólana í Ljubljana, Gronigen, Jena, og Technion háskólann í Haifa.

TECT sem er 15 eininga samevrópskt þjálfunarprógramm hefur verið þróað á grundvelli alþjóðlegs rannsóknaverkefnis um líkamlega gagnrýna hugsun, [www.ect.hi.is](http://www.ect.hi.is) (ECT) sem hefur verið leitt af rannsakendum við Heimspekistofnun HÍ. Þetta er þverfaglegt samstarf heimspekinga, hugarfræðinga, mannfræðinga, fyrirbærafræðinga, umhverfisfræðinga, hönnuða, o.fl. sem byggir á vitneskju um samspil líkama-vitsmuna-umhverfis í hugsun sem hugarvísindi færa okkur.

Verkefnið er þrjúþætt: Það byggir á rannsóknum, það felur í sér þjálfun sem u.þ.b. 25-30 manns ljúka á hverju ári og það gefur af sér birtingar, bækur og greinar.

Til þess að skipuleggja kennsluna og útgáfu inngangsbókar um fræðilegar forsendur og hagnýta aðferðafræði líkamlegrar hugsunar, fengum við doktorsnema til þes að gera samantekt á helstu aðferðirnar og koma með dæmi um æfingar sem einkenndu hverja aðferð fyrir sig. Ole M. Sandberg (lauk dr.þrófi á þessu tímabil og er orðinn nýdكتور) og Monika Lindner sem er dr.nemi voru fengin til að vinna að þessari samantekt. Þau gerðu samantektina á grundvelli:

(1) "rannsóknastofu" líkamlegrar gagnrýnnar hugsunar (ECT-Lab sem er haldin mánaðarlega online) með þátttöku fræðimanna og þjálfara á sviðinu. Monika skipuleggur og heldur utan um dagskrá ECT-Lab.

(2) og á grundvelli námsefnis og æfinga í TECT-þjálfunarprógramminu.

Ole og Monika skiluðu samantektinni af sér á síðasta ári og hefur hún nýst kennslustjóra TECT (Donata Schoeller) við að skipuleggja kennslu og þjálfun, og ritstjórum bókar sem leiðandi fræðimenn verkefnisins ritstýra. Bókin, *Engaging the Embodied Ground of Thinking in Teaching, Learning and Research*, (ristj. D. Schoeller, S. Thorgeirsdóttir, G. Walkerden) kemur út næsta vor hjá Routledge. Það sem skiptir samt hvað mestu máli er að þessi vinna kom Ole Sandberg og Monika Lindner að gagni við að skrifa sínar eigin greinar fyrir þessa bók, en þau bæði eru meðal höfunda þessa greinasafns. Þess má einnig get að Ole Sandberg byggir einnig aðra grein á vinnu við þetta verkefni, en sú grein birtist í bókinni *Elemental and Embodied Thinking for a New Era* sem S. Thorgeirsdóttir, L. Skof og Sashingula ritstýra og mun koma út hjá Springer snemma á næsta ári. Sú bók fjallar um aðferðir líkamlegrar hugsunar eins og þær snúa að vitund okkar og upplifun á umhverfi og náttúru. Ole Sandberg hefur kennt námskeið í Siðfræði náttúrunnar (fyrir nema í heimspeki og í umhverfis- og auðlindafræðum við HÍ) og þar hefur honum gefist tækifæri til þess að kynna kenningar og aðferðir líkamlegrar gagnrýnnar hugsunar – sem er reynslu og upplifunarbundin hugsun.

Elsa Haraldsdóttir, doktorsnemi, er verkefnisstjóri TECT-þjálfunarprógrammsins.

Samantektin sem Monika og Ole gerðu nýttust henni m.a. við skrif greinar sem hún er höfundur að ásamt Donata Schoeller, Sigríði Þorgeirsdóttur og Guðbjörgu R.

Jóhannesdóttur, en við erum allar leiðandi rannsakandur og kennarar í TECT. Greinin mun birtist í *Hug*, tímariti Félags áhugamanna um heimspeki í ársbyrjun 2024. Elsa og Sigríður Þorgeirsdóttir eru einnig höfundar greinar um efnið sem birtist í ofanefndri bók sem Routledge gefur út. Elsa kennir námskeið fyrir nemendur í BA-námi um

gagnrýna hugsun og nýtast bæði kenningar og aðferðir líkamlegrar gagnrýnnar  
hugsunar í kennslu þessa námskeiðs.